

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingar samkvæmt lögum nr. 5/1968.

Í 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, segir svo:

- „1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.
2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.
3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.
5. 1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo: Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda þegar menntamálaráðherra ákveður“.

Með skírskotun til framanritaðs hefur ráðuneytið ákveðið, að framangreindar skipulagsbreytingar aðrar en þær, sem greinir í 3. tölulið, skuli nú koma til framkvæmda. Ráðuneytið hefur þegar tekið við verkefnum fjármálaeftirlits skóla og fræðslumálaskrifstofan verður nú ein af deildum ráðuneytisins (fræðslumáladeild). Íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verða starfsmenn í ráðuneytinu.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

verkefni, skipulag og starfsreglur.

Ákvæði þau, sem menntamálaráðuneytið starfar eftir, eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969. Lögin og reglugerðin tóku gildi 1. janúar 1970.

Samkvæmt reglugerðinni fer menntamálaráðuneytið með málefni, er varða:

1. Kennslu og skóla, þ. á m. Háskóla Íslands, menntaskóla, gagnfræðastigsskóla og barnaskóla. Enn fremur kennaraskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, matsveina- og veitingaþjónaskóla, iðnfræðsluskóla, húsmæðraskóla, verzlunar-skóla, tónlistarskóla, myndlistarskóla, leiklistar- og listdansskóla, heyrnleys-

- ingjaskóla, blindraskóla, svo og aðra skóla og námsstofnanir, sem ekki eru sérstaklega falin öðru ráðuneyti. Almenna fræðslustarfsemi, þ. á m. námsflokka og bréfaskóla. Lánasjóð íslenzkra námsmanna og námsstyrki, þ. á m. styrki til erlendra námsmanna. Ríkisútgáfu námsbóka. Fræðslumyndasafn ríkisins.
2. Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir, sem ekki ber undir önnur ráðuneyti, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands. Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Handritastofnun Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóð.
 3. Söfn, þ. á m. Landsbókasafn, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.
 4. Listir. Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listsýningar og aðra listkyrningu innan lands og utan. Listamannalaun. Menntamálaráð Íslands. Rithöfundasjóð Íslands, stuðning við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Kvikmyndir.
 5. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp).
 6. Höfundarétt.
 7. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni, íslenzka málnefnd.
 8. Félagsheimili og félagsheimilasjóð.
 9. Æskulýðsstarfsemi, Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Íþróttir, Íþróttasamband Íslands, Íþróttasjóð. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningarmála, þ. á m. Kvenfélagasamband Íslands.
 10. Vernd barna og ungmenna, Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir.
 11. Náttúruvernd, minjar og þjóðgarða, aðra en Þingvelli.
 12. Fuglafriðun og fuglaveiðar. Dýravernd. Friðun hreindýra og eftirlit með þeim.
 13. Skemmtanaskatt, annað en innheimtu.

Í sambandi við setningu reglugerðarinnar um Stjórnarráð Íslands var ákveðið, að engin breyting yrði á samstarfi einstakra ráðuneyta við þær erlendar stofnanir, sem þau hafa haft bein samskipti við. Í þessu felst, að því er menntamálaráðuneytið varðar, að það fer með málefni, sem varða norræna og alþjóðlega samvinnu á sviði menningarmála, þ. á m. Menningarsjóð Norðurlanda (Nordisk kulturfond), Norrænu menningarmálanefndina (Nordisk kulturkommission), Norræna húsíð í Reykjavík og aðrar samnorrænar menningarstofnanir, Menningarmálaráð Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation) og undirnefndir þess, Alþjóðafræðslumálaskrifstofuna (International Bureau of Education) í Genf, Bernarsambandið, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) o. fl., svo og framkvæmd menningarmálasamninga við önnur ríki.

Í 7. gr. laga nr. 5 frá 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, segir svo m. a.:

Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.

Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.

Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu og breytast íþróttalög nr. 49/1956 til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.

1. mgr. 28. gr. V. kafla laga nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar bókafulltrúa ríkisins og skal hann vera starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

Skipulagsbreytingar samkvæmt grein þessari skulu koma til framkvæmda, þegar menntamálaráðherra ákveður.

Samkvæmt ákvæðum í framangreindum lögum nr. 5/1968 var fjármálaeftirlit skóla sameinað menntamálaráðuneytinu frá 1. ágúst 1970 og stofnunin lögð niður.

Með auglýsingu ráðuneytisins, dags. í dag, er ákveðið, að skipulagsbreytingar samkvæmt lögum nr. 5/1968 skuli nú koma til framkvæmda, að því er tekur til laga um fræðslumálastjórn nr. 35/1930, íþróttalaga nr. 49/1956 og laga um almenningsbókasöfn nr. 22/1963. Sameinast fræðslumálastofnanir ráðuneytinu, og verður núverandi fræðslumálastjóri deildarstjóri fræðslumáladeildar. Íþróttafulltrúi og bókafulltrúi verða starfsmenn í ráðuneytinu.

Í 23. gr. laga nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, segir að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins taki við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins. Í byggingadeild ráðuneytisins verður framvegis arkitekt og verkfræðingur, en byggingaefirlit flytzt í hina nýju stofnun.

Ráðuneytið hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það heyra, og eignum á vegum þeirra stofnana.

Hver deild hefur samstarf við aðrar deildir ráðuneytisins eftir því sem verkefni gefa tilefni til, en við öll störf í ráðuneytinu ber að hafa ríkt í huga, að ráðuneytið er ein heild og deildaskipting þess einungis vinnutilhögun, en ekki um að ræða sjálfstæðar einingar.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra, en starfsdeild stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

Deilda- og verkaskipting innan menntamálaráðuneytisins er í höfuðatriðum eins og segir hér á eftir:

Menntamálaráðherra: Dr. Gylfi Þ. Gíslason.

Ráðuneytisstjóri: Birgir Thorlacius.

Deildir:

A-deild.

(Safna-, lista- og æskulýðsmáladeild).

Deildarstjóri:

Knútur Hallsson, sem jafnframt er skrifstofustjóri í ráðuneytinu.

Aðrir starfsmenn:

Runólfur Þórarinnsson, fulltrúi, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, Stefán Júlíusson, bókafulltrúi, Jónína Elíasdóttir, bókari. Æskulýðsfulltrúi.

Verkefni:

Höfundaréttur, Barnarsambandið. Lögfræðilegar álitserðir. Barnaverndarmál, þ. á m. Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir. Skemmtanaskattur (annað en innheimta). Íþróttamál, þ. á m. Íþróttakennaraskóli Íslands, Íþróttasjóður, Íþróttasamband Íslands. Æskulýðs- og tómstundastarfsemi, þ. á m. Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og önnur félagsstarfsemi á sviði menningarmála, þ. á m. Kvenfélagasamband Íslands. Launa-, kjara- og réttindamál. Þjóðleikhús, leikfélög og önnur leiklistarstarfsemi, Listsýningar og önnur listkypping, innan lands og utan. Menntamálaráð Íslands og menningarsjóður. Leiklistar-, sönglistar- og listdansskólar. Mannanöfn, bæjanöfn, örnefni. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp). Sinfóníuhljómsvelt Íslands. Tónlistarskólar og önnur tónlistarstarfsemi. Rithöfundasjóður Íslands. Stuðningur við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Listamanna- laun. Náttúruverndarmál, mengunarmál sem undir ráðuneytið falla, minjar og þjóðgarðar (aðrir en Þingvellir), þ. á m. Geysissvæðið í Haukadal og Skaftafell

í Örafum. Fuglafriðun og fuglaveiðar, dýravernd, friðun hreindýra og eftirlit með þeim. Söfn, þ. á m. Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, skólabókasöfn, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrimssafn og önnur listasöfn.

B-deild.

(Háskóla- og alþjóðadeild).

Deildarstjóri:

Árni Gunnarsson.

Aðrir starfsmenn:

Þórður Einarsson, fulltrúi.

Verkefni:

Málefni Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands svo og allra skóla á menntaskólastigi. Tækniskóli Íslands. Visindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands, Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum, Handritastofnun Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóður. Námsstyrkir, innlendir og erlendir, Lánasjóður ísl. námsmanna og námskynning. Norrænt og alþjóðlegt menningarsamstarf, þ. á m. Menningarsjóður Norðurlanda (Nordisk kulturfond), Norræna menningarmálanefndin (Nordisk kulturkommission), Norræna húsið í Reykjavík og aðrar samnorrænar menningarstofnanir, Menningarmálaráð Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation) og undirnefndir þess, Alþjóðafræðslumálaskrifstofan (International Bureau of Education) í Genf, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), svo og framkvæmd menningarmálasamninga við önnur ríki. Félagsheimili og félagsheimilassjóður. Íslenzk málnefnd.

C-deild.

(Skólarannsóknadeild).

Deildarstjóri:

Andri Ísaksson.

Aðrir starfsmenn:

Hörður Lárusson, fulltrúi, Málfriður Björnsdóttir, bókari.

Verkefni:

Rannsóknir á námi og kennslu. Tilraunastarfsemi í kennslumálum. Námskrárgerð og endurskoðun námsefnis. Ríkisútgáfa námsbóka. Gerð menntunaráætlunar. Rannsókn og stöðlun prófa. Námseftirlit og námsmat. Sérkennsla, sálfræðipjónusta. Sérfræðilegar ráðleggingar og leiðbeiningar í skólastarfi, m. a. um gerð stundaskráa, skipun í bekkjardeildir, lengd námsstunda, fjölda nemenda í bekkjardeildum. Við undirbúning skólahúsnæðis skal haft samráð við skólarannsóknadeild, svo sem um gerð kennslustofa, kennsluáhöld, skólabókasöfn og hvað eina er lýtur að hinu innra starfi skólanna.

D-deild.

(Byggingadeild).

Deildarstjóri:

Guðmundur Þór Pálsson.

Aðrir starfsmenn:

Sigurbjörn Guðmundsson, verkfræðingur, Elisabet Waage, bókari.

Verkefni:

Deildin skal fylgjast með nýjungum heima og erlendis í gerð skólahúsa og búnaði þeirra og stuðla að þróun skólabyggingamála á þann hátt að til heilla horfi um bætt náms- og kennsluaðstöðu og nýting fjármuna, sem til skólamannvirkja og búnaðar þeirra er varið. Deildin semur reglur (norm) um stærð skólamannvirkja, kennslustofa og annars skólarýmis og segir fyrir um gerð bygginga og efnisval og athugar og endurskoðar teikningar skólamannvirkja áður en ráðuneytið staðfestir þær. Hún skal vera með í ráðum um gerð samninga um bygging skólamannvirkja og um staðarval fyrir þau, bæði með tilliti til nemendaáætlunar, samgangna og annars þess, sem eðlilegt er að taka tillit til. Deildin starfar með fjármála- og áætlanadeild að gerð árlegrar framkvæmdaáætlunar og langtímaáætlunar um skólamannvirki.

E-deild.

(Fræðslumáladeild).

Deildarstjóri:

Helgi Eliasson, fræðslumálastjóri.

Aðrir starfsmenn:

Ólafur Haukur Árnason, fulltrúi, Sigurður Helgason, fulltrúi, Stefán Ól. Jónsson, fulltrúi, Guðrún Jónsdóttir, bókari, Lára I. Lárusdóttir, bókari, Guðrún Guðna-dóttir, ritari.

Verkefni:

Málefni, er varða skyldunámsskóla og forskóla, sem eigi hafa sérstaklega verið falin öðrum deildum. Skólastjóra- og kennararáðningar fyrir skyldunámsskóla og framhaldsdeildir. Prófverkefni, prófdómarar. Kennaranámskeið, orlof kennara og framhaldsnám. Heilsuvernd í skólum. Hjúkrunarskóli Íslands, Iðnfræðsla, iðnskólar. Hótel- og veitingaskóli Íslands. Stýrimannaskólar, vélskólar. Húsmæðrakennaraskóli Íslands, húsmæðraskólar. Verzlunarskólar. Myndlista- og handiðaskóli og aðrir myndlistarskólar. Heyrnleysingjaskóli, blindrakennsla, kennsla afbrigðilegra nemenda. Fræðsla fullorðinna, námsflokkar, bréfaskólar, kvöldskólar, námskeið, sjónvarps- og útvarpskennsla. Starfsfræðsla og leiðbeiningar um starfsval.

F-deild.

(Fjármála- og áætlanadeild).

Deildarstjóri:

Torfi Ásgeirsson.

Aðrir starfsmenn:

Indriði H. Þorláksson, fulltrúi, Sigurður Þorkelsson, fulltrúi, Örlygur Geirsson, fulltrúi, Þórdís Kristjánsdóttir, bókari, Guðrún Guðmundsdóttir, ritari.

Verkefni:

Áætlanagerð um rekstrar- og stofnkostnað skóla og annarra stofnana, sem undir ráðuneytið heyra, til notkunar við gerð fjárlagatillagna ráðuneytisins, og einnig gerð langtímaáætlunar um þörf fyrir skólamannvirki. Gerð árlegrar framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar strax að samþykktum fjárlögum hverju sinni, innan ramma fjárveitinga í fjárlögum og/eða annarra lögheimilaðra fjárframlaga og framlaga mótaðila. Hagræn menntaáætlunargerð. Nemendafjöldaáætlun. Endurskoðun og úrskurðun skólakostnaðarreikninga, bæði að því er varðar rekstrar- og stofnkostnað. Undirbúningur að samningagerð um stofnkostnaðarframkvæmdir.

G-deild.

(Greiðslu- og bókhaldsdeild).

Deildarstjóri:

Sigurður J. Briem.

Aðrir starfsmenn:

Knútur Þorsteinsson, fulltrúi, Dagbjört Aðalsteinsdóttir, bókari.

Verkefni:

Frá þessari deild fari allar greiðslur og greiðslufyrirmæli ráðuneytisins í hvaða formi sem er. Deildin annast bókhald og reikningsskil ráðuneytisins, sér um að ekki sé farið umfram fjárlagaheimildir í greiðslum, nema annarra fullgildra heimilda sé þá aflað, sér um að fullgildar heimildir séu fyrir hverri greiðslu og að þær séu í samræmi við lög, samninga, reikninga og áritanir þeirra, sem til þess hafa umboð að ákveða greiðslur. Deildin annast bókhald ráðuneytisins í því formi, að jafnan séu tiltækar upplýsingar um hvað hafi verið greitt til hvers eins og hvað sé ógreitt af heimiluðu fé. Bókhald og fylgiskjöl skulu vera í því formi og í þeirri röð og reglu, að dagleg endurskoðun ríkisendurskoðunar sé auðveld og skal endurskoðun fara fram jafnóðum. Deildin gerir yfirlitsskýrslur um framkvæmd samkvæmt fjárlagaliðum ráðuneytisins og sér um að undirbúa svör við athugasemdum, sem fram kunna að koma frá Ríkisendurskoðun eða yfirskoðunarmönnum Alþingis. Deildin gerir greiðsluáætlun ráðuneytisins fyrir hvert ár þegar að samþykktum fjárlögum og sér um að fylgt sé samþykktum greiðsluáætlunum annarra deilda ráðuneytisins. Deildin skal annast reikningshald og reikningsskil sjóða, sem ráðuneytið hefur í sinni umsjá eða sjá um að reikningar séu samdir, endurskoðaðir og birtir, ef bankastofnun hefur verið falið reikningshald.

Almenn skrifstofa.**Skjalavazsla:**

Valgerður Vilhjálmisdóttir, skjalavörður, Alice Boucher, bókari.

Verkefni:

Að halda bréfum, símskeytum og öðrum skjalagögnum, sem ráðuneytinu berast eða samritum af skjölum, sem það sendir, í röð og reglu og skrá þau samkvæmt skráningarkerfi ráðuneytisins, sbr. bókina „Skjalasafn menntamálaráðuneytisins“, annast að bréfa- og símskeytasamrit ráðuneytisins séu bundin inn árlega, annast eyðublaða- og sérprentanasafn, sjá um póstsendingar og gera skilagrein um burðargjöld.

Vélritun:

Kristín Hallgrímsdóttir, bókari, Björg Jónsdóttir, bókari.

Verkefni:

Að annast vélritun á íslenzku og erlendum málum eftir handriti eða hermi (diktafóni), semja og vélrita bréf um ýmis efni, annast ljósritun, sjá um útvegun bréfsefna og eyðublaða o. fl.

Símavazsla:

Sóley Brynjólfsdóttir, varðstjóri, Guðrún Erlendsdóttir, símastúlka, Jóhanna Jóhannesdóttir, símastúlka.

Verkefni:

Símavazsla og upplýsingaþjónusta.

Sendisveinar:

Steinar Friðgeirsson, Jóhann Guðmundsson,

Starfslið ráðuneytisins vinnur að verkefnum allra hinna ýmsu deilda eftir þörfum, auk þeirra sérverkefna, sem hverri deild eru ætluð, eftir því sem hentar heildarstarfinu og ráðuneytisstjóri ákveður. Hann getur fært verkefni milli deilda og fjölgað eða fækkað verkefnum einstakra deilda og starfsmanna eftir því sem hentar og sjálfur annast að einhverju eða öllu leyti hver þau verkefni, sem hann ákveður.

Ráðuneytisstjóri heldur svo oft sem hann telur þurfa fundi með deildarstjórum og/eða öðrum starfsmönnum um störf deilda og málefni, sem varða fleiri en eina deild eða eru stefnumótandi og kunna að skapa fordæmi.

Afgreiðslur, sem ráðherra undirritar, undirritar ráðuneytisstjóri með honum, en aðrar afgreiðslur skulu undirritaðar af ráðuneytisstjóra og meðundirritaðar af hlutaðeigandi deildarstjóra eða þeim starfsmanni öðrum, er afgreiðslu málsins hefur annast. Öll bréf skulu merkt upphafsstöfum þeirra, sem hafa samið þau og vérlitað, svo og tilvísun í skjalasafn ráðuneytisins.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. maí 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

10. maí 1971.

Nr. 80.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5 8. janúar 1970 um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Siglufjarðarkaupstað, nr. 111 10. ágúst 1956.

1. gr.

Hafnargjöld samkvæmt reglugerðinni, þ. e. lestagjöld skv. VII. kafla, bryggjuggjöld skv. VIII. kafla og vörugjöld skv. IX. kafla (vörugjaldskrá) hækka um 17% (seytján af hundraði).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. maí 1971.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.